

Fundargerð foreldrafélags Urriðaholtsskóla

Foreldrafélagið efndi til fundar með foreldrum þann 22. Október 2018 kl.19:30 í Urriðaholtsskóla.

Tilfni fundar: Að kalla eftir álit og tillögum frá foreldrum varðandi nokkur málefni og óska eftir fulltrúum fyrir hvert heimasvæði.

1. Innheimta foreldrafélagsgjalds rædd. Meðlimir foreldrafélagsins leggja til að innheimt sé 2.000 kr. foreldrafélagsgjald í upphafi hvern annar. Foreldrar voru samþykkir þeirri upphæð og fyrirkomulagi.
2. Óskað eftir fulltrúum fyrir hvert heimasvæði. Svæðisfulltrúar eru eftirfarandi:
 - a. 1.- 2. bekkur: Auður Atladóttir og Hákon Halldórsson
 - b. 3.- 4. bekkur: Anna Gyða Pétursdóttir og Sunna Mist Sigurðardóttir
 - c. Kjarr: Kristrún Jóhannsdóttir
 - d. Klettur: Sandra Margrét
 - e. Klif: Margrét Írena Ágústsdóttir og Kristín María Grímsdóttir
 - f. Kelda: Kolbrún Edda
3. Rætt um afmælisboð- og gjafir. Foreldrar sammála um eftirfarandi:
 - a. Aðgát skal höfð þegar send eru afmælisboð þannig að börn séu ekki skilin út undan. Þegar afmælisboð eru send út skulu þau vera send á einhvern eftirfarandi hópa:
 - i. Allar stúlkur á heimasvæði
 - ii. Alla drengi á heimasvæði
 - iii. Öll börn á heimasvæði.
 - b. Afmælisgjafir skulu miðast við 1.000 kr., annað hvort í peningarformi eða gjöf að andvirði þeirrar upphæðar.
4. Rætt var um sveitarferð hjá leikskólahlutanum. Ákveðið að farið verður í sveitaferðina á einkabílum og á frídegi. Foreldrafélagið mun ákveða dagsetningu fyrir sveitaferð við fyrsta tækifæri.

5. Óskað var eftir tillögum að viðburðum og skemmtunum á vegum foreldrafélagsins.

Eftirfarandi tillögur komu fram:

- a. Danskennsla
 - b. Tónlistarkennsla
 - c. Spilakvöld (grunnskóli)
 - d. Gönguferð/fjallganga (grunnskóli)
 - e. Lagt til að foreldrafélagið greiði fyrir jólasvein sem kemur í leikskólann og gefur börnunum gjafapoka með t.d. mandarínu, rúsínupakka og piparkökum. Hver gjafapoki væri merktur barni og jólasveinninn myndi lesa upp nafn hvers barns.
6. Lagt til að foreldrafélagið greiði fyrir jólasvein sem kemur í leikskólann og gefur börnunum gjafapoka með t.d. mandarínu, rúsínupakka og piparkökum. Hver gjafapoki væri merktur barni og jólasveinninn myndi lesa upp nafn hvers barns.
7. Vorhátíð skólans verður haldin síðasta vetrardag. Tillögur komu að skemmtun fyrir börnin, m.a.:
- a. Leiksýning, t.d. Skoppa og Skríttla eða Latibær
 - b. Skipulagðir leikir á útisvæði
 - c. Ný leikföng á útisvæði (sápukúlur, krítar o.fl.)
 - d. Andlitsmálning (elstu börnin gætu aðstoðað)